

16

29. marz

12. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. apríl 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. marz 1932.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gíssur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

17

30. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Minningarsjóður Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi“ og er stofnaður til minningar um Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi í Langadal, er andaðist 28. ágúst 1911, 19 ára gömul.

Stofnfé sjóðsins er kr. 7606,73 — sjö þúsund sex hundruð og sex krónur 73 aurar — af eignum foreldra Oktavíu Þórðardóttur, hjónanna Þórðar Guðmundssonar og Önnu Magnúsdóttur, en stofnandi sjóðsins er móður hennar, ekkjan Anna Magnúsdóttir.

2. gr

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans í Reykjavík, að nafnverði kr. 7600,00 og innstæðu í sparisjóðsbók við útbú Landsbankans á Akureyri, kr. 6,73.

Jafnskjótt sem bankavaxtabréfin kunna að verða dregin út til innlausnar, skal kaupa fyrir andvirðið ný veðdeildarbréf Landsbanka Íslands eða önn-

ur veðvaxtabréf jafn trygg, er koma kunna í þeirra stað, ef veðdeild Lands- **17**
bankans yrði lögð niður. Skal sjóðurinn jafnan geymdur í veðvaxtabréfum **30. marz**
sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna
að vera umfram vaxtabréfafúlgu sjóðsins á hverjum tíma, geymast í sparisjóði
Landsbankans eða öðrum jafntryggum sparisjóði.

Öll verðbréf sjóðsins skulu jafnan bera það með sér, fyrir áritun á bréf-
in sjálf, að þau tilheyri sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum á Akur-
eyrarspítala, án tillits til þess hvaðan sjúklingar þessir eru. Til styrkveitinga
má verja allt að $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna skal jafnan lagður
við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 100 þúsund krónur. Úr því má
verja $\frac{1}{10}$ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en $\frac{1}{10}$ leggist jafnan við
höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa eftir lát stofnandans, Önnu Magnúsdóttur. En
meðan hún lifir skal hún njóta allra vaxta af sjóðnum eða svo mikils hluta
þeirra, sem hún óskar. Það af vöxtunum, sem hún kynni að vilja ekki nota í
sína þágu fellur til sjóðsins. Það skoðast þó ekki sem afsal vaxtanna, þótt hún
taki þá ekki út árlega og á hún hvenær sem er rétt á að fá útborgaða alla óút-
borgaða vexti af sjóðnum frá byrjun.

Ennfremur skal hún hafa rétt til að skerða höfuðstól sjóðsins samkv. 1.
gr., ef vextir og aðrar eignir hennar hrökkva henni ekki til framfærslu.

Reikningshaldari og vörzlumaður sjóðsins er bæjarfógetinn á Akureyri,
eða sá, er í hans stað kemur, ef því embætti kynni að verða breytt. Ársreikn-
ingar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðir af endurskoð-
unarmönnum bæjarreikninga Akureyrar.

Reikningshaldari sjóðsins, læknir Akureyrarspítala og sóknarpresturinn
á Akureyri hafa á hendi úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum.

5. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri 14. september 1931.

F. h. Önnu Magnúsdóttur
samkv. umboði.
Böðvar Bjarkan.